

**28. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 5. september 2011, kl. 16:20, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari, og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi, mætir kl. 16.30.

**1. Fundargerðir.**

Fundargerð 25. fundar frá 8. júní sl., 26. fundar frá 23. ágúst sl., 27. fundar frá 26. ágúst sl. og 28. fundar frá 1. september sl. eru samþykktar.

**2. Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum (senior) sem fer fram 12. nóvember nk. í Noregi.**

Sólveig Jónsdóttir vísar af fundi.

Tækninefnd í hópfimleikum tilnefnir eftirtalda dómara á mótið: Olgu Bjarnadóttur, Sólveigu Jónsdóttur, Auði Ingu Þorsteinsdóttur og Gyðu Kristmannsdóttur.. Tilnefning tækninefndar er samþykkt. Kostnaður greiðist af FSÍ.

Sólveig Jónsdóttir tekur aftur sæti á fundinum.

Samþykkt er að styrkja hvert félagslið sem tekur þátt í mótinu um 120.000 krónur vegna þjálfarakostnaðar. Samþykkt er að Hrund Þorgeirsdóttir verði fararstjóri. Kostnaður greiðist af FSÍ.

Stjórn FSÍ óskar keppendum, þjálfurum, dómurum og fararstjóra góðrar ferðar og góðs gengis á mótinu.

**3. Breytingar á íslenska fimleikastiganum í áhaldafimleikum karla. Málinu var frestað á 26. fundi stjórnar, sbr. lið 6 a í fundargerð.**

Tækninefnd karla í áhaldafimleikum hefur sent stjórn til afgreiðslu breytingar á íslenska fimleikastiganum. Stjórn samþykki þær breytingar sem nefndin leggur til að undanskildu ákvæði sem hljóðar svo: „ Tk gerir þær kröfur til dómara að þeir standist gæðamat (próf) í

dómgæslu í fimleikastiganum fyrir fyrsta mót í stiganum á hverju keppnistímabili.“ Í þessu sambandi vísar stjórn til afgreiðslu á lið 2 í fundargerð 27. fundar þann 26. ágúst sl., þar sem stjórn hafnaði því að tækninefndin setti í auglýsingu um fyrirhugað dómarnámskeið ákvæði sem hefði það í för með sér að ef dómari með gild réttindi mætti ekki til prófs fyrir fyrsta mót á hverju keppnistímabili leiddi það til sviptingar dómara réttinda í íslenska fimleikastiganum á komandi keppnistímabili. Í þessu sambandi bendir stjórn á að með eftirfarandi ákvæði í nýrri útgáfu stigans verður ábyrgðin dómara að kynna sér breytingar á stiganum: „Þjálfarar og dómara bera sjálfir ábyrgð á að kynna sér innihald fimleikastigans og þær breytingar sem kunna að verða á framkvæmd þrepa og dómgæslu þeirra.“ Þá fagnar stjórn því nýmæli að dómurum í áhaldafimleikum karla sé skylt að mæta á dómara fund fyrir hvert FSÍ mót.

#### **4. Bréf tækninefndar í áhaldafimleikum karla**

Stjórn hefur borist bréf tækninefndar karla í áhaldafimleikum, dags. 31. ágúst sl., móttækið þann 1. september sl. Í bréfinu er mótmælt afgreiðslu stjórnar á 26. fundi, sbr. lið 2 hér að framan. Verður bréf nefndarinnar ekki skilið á annan veg en þann að ef stjórn breyti ekki framangreindri afgreiðslu sinni og heimili nefndinni að fella úr gildi dómara réttindi þeirra dómara sem ekki mæti á dómarnámskeið nú í haust muni nefndin ekki halda dómarnámskeið vegna íslenska fimleikastigans á þessu keppnistímabili. Í bréfinu kemur fram að nefndin hafi því aflýst fyrirhuguðum námskeiðum og prófum 10. og 11. september nk. Jafnframt kemur fram í bréfi nefndarinnar að tækninefndin hafi ekki í hyggju að aðstoða aðildarfélag við að útvega dómara á komandi mótum.

Málið rætt.

Í 1. tölulið 1. gr. reglugerðar FSÍ segir að starfssvið tækninefnda í áhaldafimleikum skuli vera að „að sjá um menntun dómara skv. þeirri stefnu sem ákveðin er í samráði við stjórn.“ Í 2. tölulið sömu greinar er kveðið á um skyldu tækniefnda til “að tilnefna dómara í landskeppnir og sjá um mót á vegum FSÍ hvað viðkemur dómurum“ Með vísan til framangreindra starfsskyldna tækninefndar karla í áhaldafimleikum og þeirra afarkosta sem fram koma í bréfi nefndarinnar er ákveðið að boða nefndina til fundar með stjórn vegna þeirrar stöðu sem komin er upp varðandi störf nefndarinnar. Fundur þessi er boðaður með vísan til fyrir mæla 11. töluliðar 1. gr. reglugerðar FSÍ, þar sem kveðið er á um að ef komi upp ágreiningsefni eða klögumál um störf nefndar skuli boða til sameiginlegs fundar með tækninefndum og stjórn, þar sem leitast verði við að ná sáttum. Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar við fyrsta tækifæri.

## 5. Mótaskrá FSÍ keppnistímabilið 2011-2012

Mótaskrá keppnistímabilið 2011-2012 lögð fram til kynningar. Mótaskráin er samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að kynna hana aðildarfélögum.

## 6. Úttekt á vali FSÍ á keppendum á heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum sem haldið verður í Japan í október nk.

Stjórn hefur borist bréf frá stjórn Íþróttafélagsins Gerplu þar sem óskað er eftir úttekt óháðs úttektaraðila á vali FSÍ á keppendum á HM í Japan sem birt hefur verið opinberlega. Beiðnin er í fimm liðum og fylgir henni rökstuðningur. Einnig er þess óskað að til verksins verði fenginn óháður úttekaraðili, að niðurstöður liggi fyrir eigi síðar en 21. september nk. og verði birtar opinberlega.

Málið rætt.

Beiðni bréfrita er samþykkt og framkvæmdastjóra falið að finna óháðan úttektaraðila til verksins hið fyrsta.

## 7. Erindi stjórnar til laga- og reglugerðarnefndar.

Málið var áður á dagskrá stjórnar á 24. stjórnarfundi þann 26. maí sl. Á áðurnefndum fundi var ákveðið að óska eftir því við laga- og reglugerðarnefnd, með vísan til b. liðar 8. gr. reglugerðar FSÍ, að nefndin færi yfir tiltekin ákvæði í lögum sambandsins, reglugerð og móta- og keppnisreglum og komi jafnframt með tillögur að breytingum sem nefndin teldi rétt að gera á regluverki sambandsins með það að markmiði m.a. að auka skilvirkni og skýra reglur um ábyrgð og verksvið stjórnar FSÍ og nefnda sambandsins. Með beiðni stjórnar fylgdu í nokkrum liðum hugmyndir stjórnar að breytingum á lögum og reglum sambandsins. Þann 29. ágúst sl. barst stjórn bréf frá laga- og reglugerðarnefnd þar sem fram kemur skilningur nefndarinnar á áðurgreindu ákvæði reglugerðar FSÍ um hlutverk og verksvið nefndarinnar. Orðrétt segir í svari nefndarinnar:

*„Það er almennt hlutverk laga- og reglugerðarnefnda að leggja lagalegt mat á framkomnar tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum í þessu tilviki m.a. laga og reglna FSÍ m.a. til samræmis við sambærilegar reglur annarra sérsambanda. Þau atriði sem greind eru í bréfi stjórnar eiga það sammerkt að ekki er óskað álits nefndarinnar á þegar unnum tillögum heldur er þess óskað að nefndin leggi sjálf í mikla vinnu og upplýsingaöflun á atriðum sem krefjast m.a. faglegrar þekkingar störfum sambandsins, sérnefnda o.fl. Laganefnd telur edlilegt að sú umræða fari fram innan stjórnar, innan annarra nefnda sambandsins eða innan fimleikahreyfingarinnar allrar. Að þeirri vinnu lokinni er rétt að laga- og reglugerðanefnd taki afstöðu til laga- og eða reglugerðabreytinga sem kann að vera afrakstur þeirrar vinnu og liggur þá fyrir í skýrt afmörkuðu tillöguformi. Með vísan til framangreinds vísar laga- og reglugerðarnefnd erindi því sem nefndinni var sent þann 27. maí 2011 frá sér.“*

Málið rætt. Stjórn hafnar túlkun laga- og reglugerðarnefndar á ákvæði b. liðar 8. gr. reglugerðar FSÍ. Til stendur að leggja fyrir fimleikaping 2012 endurskoðun á lögum sambandsins. Með vísan til afgreiðslu laga- og reglugerðarnefndar verður vinna við endurskoðunina unnin áfram af stjórnarmönnum.

#### **8. Skipun í nefnd um fimleika fyrir alla.**

Lóa Guðrún Gísladóttir hefur sagt sig úr nefnd um almenna fimleika og er henni þökkud störf fyrir sambandið. Stjórn skipar Ragnhildi Öglu Þorsteinsdóttur í nefndina og býður hana velkomna til starfa.

#### **9. Afreksstefna ÍSÍ – skilgreining afreka og aðstaða fyrir afreksíþróttir.**

Með tveimur bréfum ÍSÍ, dags. 26. ágúst sl., er kynnt að á 70. íþróttapingi ÍSÍ, sem haldið var 8. og 9. apríl sl., var samþykkt ný stefnuyfirlýsing ÍSÍ í afreksmálum. Óskað er eftir skoðun og tillögum FSÍ á nánar tilgreindum skilgreiningum afreka, auk þess sem óskað er eftir upplýsingum frá FSÍ um markmið og leiðir hvað varðar aðstöðu fyrir afreksíþróttir. Skulu svör berast ÍSÍ eigi síðar en 18. september nk.

Málið rætt og ákveðið að fela Davíð Ingasyni, Birnu Björnsdóttur og Sólveigu Jónsdóttur, sem stýri vinnu hópsins, að svara erindinu f.h. FSÍ.

#### **10. Námskeiðahald.**

Stjórn þakkar fræðslunefnd fyrir eftirtalin námskeið og þeim félögum sem lánuðu húsnæði: Sérgreinanámskeið 2A sem haldið var 27. og 28. ágúst sl. og sérgreinanámskeið 1A sem haldið var 3. og 4. september sl.

#### **11. Til kynningar.**

- a. Lögð er fram ferðaskýrsla Björns M. Tómassonar, liðstjóra, frá Ólympíuleikum æskunnar.
- b. Lagt er fram bréf ÍSÍ, dags. 19. júlí sl., svar við bréfi stjórnar frá 9. júní sl., sbr. umfjöllun undir lið 9 í fundargerð 24. stjórnarfundar þann 26. maí sl.
- c. Lagt er fram bréf ÍSÍ átaksverkefni gegn munntókbaksnotkun sem ber heitið „fyrirmyndarleikmaður“. Framkvæmdastjóra falið að senda aðildarfélögum bréfið til kynningar.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 19. september nk. 16.1

Fundi slitið kl. 20:00

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.